


# NÁMSLEIÐ

Hagnýt íslenska í lífi og  
samfélagi – B1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

**NAFN NÁMSKRÁR**

Íslensk menning og samfélag  
númer 18-253-2-200

**NÁMSLEIÐ**

Hagnýt íslenska í lífi og samfélagi – B1, uppbrot námskrár 18-253-2-200

**VINNUSTUNDIR NEMA**

136 klukkustundir alls

**HVERJUM ÆTLAÐ**

Fullorðnu fólki eldra en 18 ára

**GERT AF:** Nafn fræðsluaðila

Staðfest af FA samkvæmt reglum um uppbrot námskráa FA

**ÚTGEFANDI**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2024.



## Efnisyfirlit

NÁMSLEIÐ – NÁMSKRÁ .....	1
TITILL: .....	1
<i>Námskrá: Íslensk menning og samfélag</i> .....	1
NÁMSLEIÐ LÝSING: HAGNÝT ÍSLENSKA Í LÍFI OG SAMFÉLAGI – B1 .....	1
SKIPULAG .....	2
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS .....	2
NÁMSMAT .....	2
YFIRLITSTÖFLUR .....	3
Námsleið: Hagnýt íslenska í lífi og samfélagi – B1 – úr námskrá: Íslenska menning og samfélag.....	3
NÁMSÞÆTTIR .....	4
ÍSLENSKT MÁL    F-ÍSLE1LU_48.....	4
Lýsing.....	4
Hæfniviðmið námsþáttar.....	4
Námsmat .....	4
MENNING OG SAMFÉLAG    F-SMFÉ2OP_2.....	5
Lýsing.....	5
Hæfniviðmið námsþáttar.....	5
Námsmat .....	5
UPPLÝSINGATÆKNI    F-UPPT2AF_4.....	6
Lýsing.....	6
Hæfniviðmið námsþáttar.....	6
SJÁLFSEFLING OG SAMSKIPTI    F-SASK2SH_4.....	7
Lýsing.....	7
Hæfniviðmið námsþáttar.....	7



## Námsleið – námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ([www.frae.is](http://www.frae.is)) á lista yfir hugtök í námskrám, námsleiðum og námslýsingum FA.

Titill: Námsleið – Hagnýt íslenska í lífi og samfélagi – B1, - *Íslensk menning og samfélag* brotin upp.

Námskrá: Íslensk menning og samfélag

Námsleið lýsing: Hagnýt íslenska í lífi og samfélagi – B1

Námsleiðin sem hér er lýst er hluti af námskrá FA *Íslensk menning og samfélag*.

Tilgangur námsins er að auðvelda fólki af erlendum uppruna að verða virkt sem þátttakendur í íslensku samfélagi og menningu gegnum tungumálið. Í náminu er áhersla á íslenskt mál einkum á talþjálfun, menningu og samfélag. Auk þess er upplýsingatækni í tungumálanámi nýtt meðal annars til að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni nemenda.

Námið fer fram á íslensku og samsvarar færnistigi B1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum. Það hentar því námsfólki sem hefur lokið námskeiði í íslensku á stigi A2 hið minnsta eða býr yfir sambærilega færni. Af sex námsþáttum námskrárinnar sem liggja til grundvallar eru fjórir námsþættir hennar nýttir hér í sérstakri námsleið.

Heildarnámstími námsleiðar er 136 klukkustundir en námskráin Íslensk menning og samfélag er alls 180 klukkustundir.



### Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra leiðbeinendur mál sitt á öðru tungumáli sem hentar nemahópi.

### Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal námsfólk búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

#### Þekking

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gagnlegum aðferðum í flóknari samskiptum
- flóknari orðaforða og málfræði
- grunnstoðum samfélagsins á Íslandi
- íslenskri menningu og sögu

#### Leikni

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig á íslensku á stigi B1 hið minnsta
- finna hagnýtar upplýsingar um íslenskt samfélag
- nýta sér opinbera þjónustu í samfélaginu
- taka þátt í uppbyggilegum samskiptum
- búa til myndrænt efni um og geta sagt frá íslenskri menningu og samfélagi

#### Hæfni

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vera virkur þátttakandi í samfélaginu
- nýta sér opinbera þjónustu í samfélaginu
- geta nýtt sér upplýsingar um samfélög, búsetu, íslenska tungu og menningu
- geta nýtt sér þjónustu og stuðning sem boðið er upp á í samfélaginu
- miðla hagnýtum upplýsingum um íslenska menningu og samfélag

### Námsmat

Námsárangur er metinn með fjölbreyttum aðferðum sem lýst er í kennsluáætlun með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Gert er ráð fyrir að ferilbók nýtist í tengslum við verk- og vinnustaðanám þar sem við á.

Áhersla er á að bæði leiðbeinendur og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.



Yfirlitstöflur

Námsleið: Hagnýt íslenska í lífi og samfélagi – B1 – úr námskrá: Íslenska menning og samfélag

Tafla 1: Skipulag náms

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Þrep
Íslenskt mál	F-ÍSLE1LU	60	30	30	1
Menning og samfélag	F-SMFÉ2OP	36	24	12	2
Upplýsingartækni	F-UPPT2AF	20	12	8	2
Sjálfsefning og samskipti	F-SASK2SH	20	12	8	2
<b>Vinnuframlag námsmanns</b>		<b>136</b>	78	58	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: Nei



## Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

## Íslenskt mál

F-ÍSLE1LU\_48

Þrep	1
Vinnustundir	60
Námsgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Lestur, hlustun, tal, ritun, málfræði

## Lýsing

Tilgangur þessa námsþátta er að námsmenn auki færni sína í að lesa, skilja, tala og skrifa á íslensku. Megináhersla er lögð á talað mál og tjáningu á hagnýtan hátt bæði í samskiptum og frásögn, þannig að námið nýtist námsmönnum í daglegu lífi á Íslandi. Fjallað er um íslenskt þjóðlíf og áhersla lögð á að fylgjast með umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, fanga málefni líðandi stundar og tengja umfjöllunina við reynslu og áhugasvið námsmanna.

## Hæfniviðmið námsþátta

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- flóknari málfræði og ritreglum sem nýtast í talmáli og ritmáli
- mismunandi tegundum af texta á stigi B1
- algengu myndmáli og líkingamáli

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa hagnýtt efni sem inniheldur algengan orðaforða og tjá sig um það
- taka þátt í samræðum, bregðast við og eiga frumkvæði í samskiptum
- kynna viðfangsefni, víkja frá undirbúnum texta og svara spurningum
- skrifa skýran og skiljanlegan samfelldan texta um áhugaefni
- skilja aðalatriði talaðs máls
- nota íslenskar málfræðireglur við ritun

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- taka þátt í umræðum um málefni líðandi stundar
- nota íslenska tungu á hagnýtan hátt í daglegu lífi
- öðlast aukinn orðaforða á íslensku

## Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema, munnlegt og skriflegt, einstaklings- og paraverkefni.



## Menning og samfélag

F-SMFÉ2OP\_2

Þrep	2
Vinnustundir	36
Námsgrein	Samfélagsfræði
Viðfangsefni	Opinber þjónusta, menning, samfélag

## Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að efla skilningu námsmanna á samfélaginu sem þeir búa í og auka þekkingu þeirra og skilningu á helstu einkennum íslenskrar menningar. Fjallað er um fjölbreytileika mannlífs, staðalmyndir, fordóma, mismunun, ólíka menningarhópa og áhrif þessara þátta á samskipti, almenn lífsgæði og framandi venjur á Íslandi. Námsmenn kynnst jafnframt sögu og landnámi Íslands og fjallað er um pólitískt umhverfi á Íslandi. Fjallað er um samfélagslega ábyrgð, umhverfismál og umhverfisvitund sem og um þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga svo sem skólalþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

## Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- skilja samfélagsuppbyggingu og menningu á Íslandi
- helstu frídögum, hátíðum og helgidögum á Íslandi og hefðum tengdum þeim
- helstu söfnum og á svæðinu
- hugtakinu fjölmening
- samfélagslegri ábyrgð og því sem felst í hugtakinu
- þjónustu ríkis og sveitarfélaga og helstu stofnunum þess
- íslenska menntakerfinu og skólastigum
- grunnþáttum íslenskra stjórn mála
- hugtökunum lýðræði og þingræði og hlutverki Alþingis

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota grunnþjónustu í samfélaginu eftir því sem við á
- eiga samskipti við opinberar stofnanir og vita hvar þær er að finna
- taka þátt í menningarstarfi
- taka upplýstar ákvarðanir út frá umhverfisvitund

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- bera virðingu fyrir umhverfi, náttúru og sérstöðu landsins
- geta leitað upplýsinga og aðstoðar vegna grunnþjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga
- vera virkur þátttakandi í samfélaginu
- vera meðvitaður um samfélagslega ábyrgð með því að meta rök og taka ábyrga afstöðu

## Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema, munnlegt og skriflegt, einstaklings- og paraverkefni.





## Upplýsingatækni

F-UPPT2AF\_4

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	Upplýsingatækni
<b>Viðfangsefni</b>	Algeng forrit, hjálpartæki, samfélagsmiðlar, vefsíður

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að auka færni námsmanna í að nota algeng tölvuforrit sem hjálpartæki í námi svo sem ritvinnsla, kynningarforrit og myndbandagerð. Notuð eru ýmis forrit sem stutt geta við tungumálanám svo sem þýðingarforrit, stafsetningarforrit og málfræðiforrit. Þjálfuð er ritvinnsla, útlitsmótun, heimildaleit á netinu og notkun rafrænna samskiptamiðla. Jafnframt læra námsmenn einfalda myndbandsgerð til að kynna málefni tengt íslenskri menningu og samfélagi í stuttum myndskaiðum.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu forritum sem notuð eru sem hjálpartæki í námi
- upplýsingaleit á íslenskum vefsíðum.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota nokkrar algengar aðgerðir forrita
- nota íslenskar vefsíður við heimildaleit
- nota tölvur og snjallsíma sem hjálpartæki við tungumálanám
- nota samfélagsmiðla til að styrkja samskipti og tengsl

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna með upplýsingar sem aflað er á íslenskum vefsíðum og samfélagsmiðlum
- nota upplýsingatækni til að vinna úr upplýsingum og nota þær í kynningum og við nýjar aðstæður

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema, munnlegt og skriflegt, einstaklings- og paraverkefni.



## Sjálfsefning og samskipti

F-SASK2SH\_4

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	Sjálfsefning og samskipti
<b>Viðfangsefni</b>	Sjálfskraust, hópefli, samskipti

## Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að efla færni námsmanna í árangursríkum samskiptum. Einnig er áhersla lögð á mikilvægi góðs liðsanda, samvinnu við lausn vandamála, sköpunargleði og traust. Fjallað er um grunnþætti samskipta svo sem færni í að hlusta, að takast á við álag og bregðast við erfiðum aðstæðum. Fjallað er um leiðir til að stuðla að betra sjálfskrausti og öruggari framkomu. Í námsþættinum er einnig fjallað um samskipti í hópum og áhrif hópa á einstaklinga. Unnið er með samskipti, hópefli og leikræna tjáningu í þeim tilgangi að skapa góðan starfsanda og stuðla að öflugri liðsheild.

## Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum til að byggja upp sjálfskraust.
- leiðum til að verjast ágengni og sýna sjálfstyrk
- lyklatríðum sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu
- undirstöðuatriðum tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning
- góðum starfsanda og það sem þarf til að viðhalda honum
- samhengi milli sjálfsefningar og framkomu

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í árangursríkum samskiptum
- vinna í hópi með öðrum
- hlusta af athygli, lesa í líkamstjáningu og raddblæ
- tjá sig í hópi á íslensku og hlusta á aðra
- bregðast við vandamálum af ábyrgð og sjálfsöryggi

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota árangursríkar aðferðir í samstarfi
- setja sig í spor annarra og virða ólík sjónarmið
- taka virkan þátt í umræðum í samfélaginu og á vinnustað
- vera trúr eigin ákvörðunum og virða ákvarðanir annarra
- gera sér grein fyrir mikilvægi góðra samskipta fyrir starfsánægju og árangur í námi og starfi
- átta sig á samhengi milli sjálfskrausts og framkomu

## Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema, munnlegt og skriflegt, einstaklings- og paraverkefni.

